

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 969/2015, um styrki vegna kaupa á heyrnartækjum hjá öðrum en Heyrnar- og talmeinstöð.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. reglugerðarinnar:

- Orðin „hjá rekstrarleyfishöfum, sbr. reglugerð um sölu heyrnartækja, nr. 148/2007“ í 1. mgr. falla brott.
- Í stað „Rekstrarleyfishöfum“ í 2. mgr. kemur: Þeir sem hafa hlotið staðfestingu landlæknis, samkvæmt 7. gr. reglugerðar um eftirlit með rekstri og heilbrigðisþjónustu og faglegar lágmarkskröfur, nr. 786/2007.

2. gr.

Orðin „hjá rekstrarleyfishöfum“ er getur í 2. gr. reglugerðarinnar falla brott.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 5. gr. laga um Heyrnar- og talmeinstöð, nr. 42/2007, og 26., sbr. 55. gr. laga um sjúkratryggingar, nr. 111/2008, og 1. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 7. gr. laga um landlækni, nr. 41/2007, öðlast gildi 15. apríl 2024.

Heilbrigðisráðuneytinu, 7. mars 2024.

Willum Þór Þórsson.

Guðlaug Einarsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 2. apríl 2024